

# Reglugjörð

94  
22. sept.

## fyrir forðagæslumenn í Norður-Múlasýslu.

### 1. gr.

Forðagæslumenn skulu fara 2 eftirlitsferðir um umdæmi sín á vetri, hina fyrri á tímabilinu frá veturnóttum til 10. nóvember, og hina síðari frá 1. apríl til sumarmála.

### 2. gr.

Nákvæmt mál skulu allir forðagæslumenn taka af hlöðum og heytóttum í umdæmum sínum og færa það inn í forðagæslubækur. Rúmmálið skal talið í teningsmetrum.

### 3. gr.

Alt hey skal mælt í teningsmetrum. Málið verður að vera nákvæmt. Við útreikninginn verður að reikna með brotum úr metrum, þegar lengd, breidd eða hæð heyjanna stendur ekki á heilum metrum.

### 4. gr.

Hey og annað fóður skal metið í forðamálum (hvert forðamál eftir mati 33,5 kg. að þyngd, sbr. ritgjörð í 28. árg. Búnaðarritsins, 4. hefti 1914). Forðamálatöluna skal skrifa í fóðurmatsdálkana í forðagæslubókum og skoðunarskýrslum í stað m<sup>3</sup> eftir mati.

### 5. gr.

Forðagæslumenn skulu áætla innistöðutíma fóðurfjenaðar og reikna út í forðamálum, hvað fjenaðurinn þurfi, til þess að heyið endist samkvæmt áætlun.

### 6. gr.

Í fyrri ferðinni skulu forðagæslumenn athuga og rannsaka vandlega, hvernig hey er í heystæðum, hvort það er smátt eða stórgjört, vel eða illa hirt, laust eða fast, ornað eða grænt. Sömuleiðis skulu þeir mæla ný hey, sem standa á bersvæði og ekki er mál til af í forðagæslubókum. Skulu þeir svo meta heyið í forðamálum og ákveða fóðurbirgðirnar, þegar búið er að telja fram búpening, sem settur er á fóður. Ef þeir álita að vanti fóður, skulu þeir gjöra ákveðnar tillögur um, hvað miklu þurfi að bæta við af fóðri eða farga af búpeningi.

## 7. gr.

22. sept.

Við síðari skoðunina skulu forðagæslumenn athuga vandlega ástand búpenings og meta fódurbirgðir og haga vitnisburðargjöf eftir því. Komi þá í ljós, að fódurbirgðir og búpeningur sje í því ástandi, að hætta vofi yfir eða sje fyrirsjáanleg, ber þeim að gjöra tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra hættunni, ef unt er (sbr. 6. og 10. grein forðagæslulaganna).

## 8. gr.

Milli hinna ákveðnu ferða skulu forðagæslumenn haga eftirlitinu eftir því, sem þeim þykir með þurfa og leggja aðaláhersluna á það, að búpeningur manna sje vel hirtur og líði ekki af fódurskorti. Svo skulu þeir og afla sjer áreiðanlegra upplýsinga að vorinu um fyrningar og skepnuhöld í umdæmum sínum. Upplýsingar um skepnuhöld geta þeir krafist af búendum á vorhreppaskilapíngum ár hvert eða aflað sjer þeirra með aðstoð skilríkra manna eða eigin rannsókn. Fyrningar skulu þeir meta sjálfir eða menn, sem þeir fá til þess. En gæta skulu forðagæslumenn þess, að mat á fyrningum sje í samræmi við mat þeirra á heyjum.

## 9. gr.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn færa inn í forðagæslubók sína skýrslu um skoðunina. Síðan senda þeir hreppsnefndinni skriflega tilkynningu um ástandið í forðagæsluumdæminu, ásamt tillögum sínum.

## 10. gr.

Forðagæslumenn skulu senda sýslumanni skýrslu samhljóða forðagæslubók í júnimánuði ár hvert. Einnig skulu þeir lesa upp á vorhreppaskilapíngi, eða öðrum almennum sveitafundi, alt, sem þeir hafa skráð í forðagæslubókina á gæslutímabilinu.

## 11. gr.

Ef búandi er í fódurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanna, og ef fjenaður verður horaður eða fellur úr hor, og er, að álitu forðagæslumanna, um að kenna fódurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefir undir hendi, þá skal forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra.

## 12. gr.

Komi til frekari aðgjörða forðagæslumanna við starfrækslu en hjer er tekið fram, ber að haga þeim eftir ákvæðum forðagæslulaganna.

94  
22. sept.

## 13. gr.

Úr gildi er feld reglugjörð fyrir forðagæslumenn í Norður-Múlasýslu frá 27. nóvember 1914

Reglugjörð þessi er hjer með sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 22 september 1917.**

**Sigurður Jónsson.**

---

Jón Hermannsson.